



SKARÐSHLÍÐARSKÓLI

Skólaráðsfundur 29.1.2026

Mættir: Inga, Magga, Berglind, Ýmir Míó, Hilmar, Jessica, Hildur, Vala,

Dagskrá:

1. Jólaskólinn tókst mjög vel og mikið fjölmenni var. Foreldrafélagið ætlar að senda út könnun, þarf að gera það sem fyrst. 10.bekk gekk vel með kaffihúsið og peysusöluna.
2. Kynning á niðurstöðum úr vinnu með foreldrum nemenda í 7. til 9. bekk maí 2025 Veggspjald farið heim á foreldra.
3. Farsældarsáttmáli sem unnin var með foreldrum í öllum árgöngum er kominn inn á heimasíðu skólans, fyrir utan nokkra árganga. Hefur ekki haft áhrif inn í suma árganga en ekki inn í aðra árganga. Uppgjöf með ýmiss tæki og tækni, foreldrar búnir að gefast upp. Ég er búin að missa tókin og hvað get ég gert þá? Mismunandi kerfi milli síma um hvað er leyfilegt að vera lengi á tik tok og hversu lengi þeim mega vera í heildina.
4. Vinna með kennurum varðandi nýja feril þegar börn beita ofbeldi – drög að nýjum ferli kynnt og farið yfir forsöguna. Farið yfir hvernig búið er að vinna þetta innan skólans og hvert framhaldið verður. Farið yfir feril og atvikaskráningarblað. Fyrirspurn um að , hnoð í unglingadeild – stoppa strax, sameiginleg ákvörðun um að þetta er ekki í boði.
5. Loftræsting og hljóðvist- hvenær fer þetta af stað?
6. Brunaæfing – gekk vel en tók of langan tíma. Nokkur atriði sem þarf að laga.
 - Færa söfnunarsvæði unglunga á hlaupabrautina
 - Heyrist ekki brunakerfi í Gullskarði
 - Flöskuháls að komast inn á völlinn
 - Fólk gengur of hægt með hópinn
7. Önnur mál
 - a. Matsferill verður lagður fyrir í öllum árgöngum frá 4.bekk og upp úr í öllum skólum í Hafnarfirði ef þeim tekst að útvega nægilegt magn af tækjum.
 - b. Lesfimi prófið – búið að senda leiðbeiningar á foreldra og starfsmenn til að minna á að niðurstöður á ekki að bera saman við síðustu ár því nú eru orðin vegin með þyngd textans og lestrarnákvæmni. Það er kominn nýr túlkunarrámmi með tölum frá 1 til 19 þar sem lág gildi tákna litla færni, flestir verða á bilinu 8 til 12. Allir ættu að stefna á að fá mælitöluna 13 eða yfir.
 - c. Óskað eftir að byrja seinna í unglingadeild – var reynt áður fyrr, spurning hvort hægt sé að skoða þetta fyrir næsta ár.



Fundur slitið 16.00

Ingibjörg Magnúsdóttir